

Innra mat Hrafnagilsskóla

Skólaárið 2015 – 2016



Sjálfsmatsskýrsla



Ábyrgðaraðili: Hrund Hlöðversdóttir skólastjóri

Mat á skólastarfi er liður í lögbundnu eftirlitsstarfi skóla og skólayfirvalda sem hefur þann tilgang að tryggja réttindi nemenda og stuðla að skólaumbótum. Sjálfsmatsskýrslan er unnin út frá umbótaáætlun sem er metin í lok hvers skólaárs og ný umbótaáætlun gerð í kjölfarið.

Sjálfsmatsskýrslan skiptist í þrjá hluta sem lúta að þremur þáttum skólastarfsins:

- 1. Starfshættir**
- 2. Nám og líðan**
- 3. Skólanámskrá**

I hluti – Starfshættir

	Tímasetning	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Lokið	Hvernig metið?	Niðurstaða / framhald
Teymis-kennsla	Haust 2015	Að teymi kennara starfi á öllum skólastigum	Mynda teymi kennara 1. - 2. og 3. – 4. bekkja. Halda áfram með teymi á miðstigi og UST.	Skólastjórn-endur	Vor 2016	Mat lagt fyrir teymin.	Áframhaldandi teymisvinna hjá mið- og unglingastigi. Á yngsta stigi verða umsjónarkennarar með sína bekki en samvinna milli árganga. Stigsfundir til að skipuleggja sameiginlega vinnu.
Breytt funda-skipulag	Haust 2015	Fundir teyma betur skipulagðir. Fundir skiptast í samstarfsfundir,	Útbúa fundaskipulag fyrir allt árið. Stjórnendur skipta á milli sín yfirumsjón teyma og sitja nemenda- og samstarfsfundi með teyimum.	Skólastjórn-endur	Vor 2016	Mat lagt fyrir teymin að vori.	Kennarar í heild ánægðir með nýtt skipulag. Halda fleiri nemendafundi, fagteymafundir í skorpum. Stigsfundi á yngsta stigi. Að það sé skýrt á hvaða

		skipulagsfundi og nemendafundi.					fundum list- og verkgr. kennarar sitja. Halda þróuninni áfram.
Fagteymi	Haust 2015	Hluti af lærdóms-samfélagi er að vinna saman að þróun skóla-starfsins.	Fagteymi kennara: Læsis-teymi, heilsueflandi grunnskóli, þema og samþætting, stærðfræðiteymi og sérkennsluteymi. Öll fagteymi skila inn framkvæmdaáætlun.	Stjórnendur og kennarar.	Vor 2016	Niðurstöður eftir vinnu teymanna.	Ánægja með fagteymi í heild. Endurskoða fagteymi oft (færa kennara/ verkefni til). Hafa fagteymafundi í skorpum þ.e. oft í styttri tímabilum.
Skólastefna Eyjafjarðar-sveitar.	2014 - 2016	Koma á skólastefnu sveitarfélagsins.	Vinna sameiginlega skólastefnu þar sem allir hagsmunaaðilar koma að vinnunni. Búið er að skipa vinnuteymi stjórnenda og skólanefndar. Nefndin þarf að gera sér framkvæmdaáætlun.	Sveitarstjóri og skólastjórnendur.	Vor 2016	Skólastefna tilbúin og birt á vef.	Þessi vinna náðist ekki á skólaárinu. Færist til skólársins 2016 - 2017
Stefnumið grunnskóla	Skólaárið	Vinna stefnumið grunnskólans innan heildarmyndar lærdómssamfélagsins.	Stjórnendur vinna að því að setja markmið og mat skólastarfsins inn í hugmyndafræði lærdómssamfélagsins. Vinnan er hluti af skólastefnuvinnunni.	Skólastjórnendur.	Vor 2016	Stefnumið tilbúin og eru hugsuð sem hluti af skólastefnu.	Vinnu lokið í upphafi árs 2016. Á næsta skólaári verða stefnumið kynnt og unnið með kennarahópnum áfram að uppbyggingu lærdómssamfélags.
Nýtt vinnumat	Haust 2015	Kennarar vinna samkvæmt nýju vinnumati. Skoða hvernig það nýtist.	Um miðja haustönn hitta skólastjórnendur alla kennara og fara yfir vinnumat. Einnig skoðað á vorönn. Endurskoðun í vor.	Skólastjórnendur og trúnaðarmenn kennara.	Vor 2016	Vinnumat og kjarasamningar endurskoðaðir.	Nýir kjarasamningar voru ekki samþykktir vor 2016. Í Hrafnagilsskóla verður áfram unnið eftir sama fyrirkomulagi skólaárið 2016 – 2017 eins og árið áður. Almenn ánægja með fyrirkomulagið hér við skólann.
Heimasíða grunnskólans	Skólaárið	Endurvinnna heimasíðu skólans og bæta inn á hana upplýsingum sem vanta.	Setja upp áætlun um hvað á að vera á heimasíðunni og bæta hana. Taka út úreldrar upplýsingar.	Skólastjórnendur og tölvuumsjónarmaður.	Vor 2016	Heimasíða tilbúin	Þessari vinnu ekki lokið . Sett inn í nýja umbótaráætlun.
Útiskóli	Skólaárið	Að koma á virkri útíkennslu á öllum skólastigu.	Kennarar og starfsfólk sækir námskeið um útíkennslu. Koma á virku teymi vana	Skólastjórnendur og útíkennslu-	Vor 2016	Framkvæmda-áætlun tilbúin.	Þessum lið lokið og farið eftir framkvæmdaráætlun. Þróunarvinnu um útiskóla og útíkennslustofu í

		Að endurbæta aðstöðu í Aldísarlundi.	Aldísarlundar með þátttöku foreldra. Framkvæmdaáætlun fyrir næstu ár.	stjóri: Tryggvi.			Aldísarlundi heldur áfram 2016 – 2017.
Heilsueflandi grunnskóli	Skólaárið	Að auka vitund skólasamfélagsins um mikilvægi heilsutengds lífstíls og tileinka sér hann.	Áherslupættir í vetur: Líðan og heilsa starfsfólks. Hreyfing. Öryggi.	Stýrihópur, fagteymi og stjórnendur.	Vor 2016	Framkvæmdaáætlun tilbúin. Aukin ánægja mældist í starfsmanna-könnun Skólapulísins.	Markvisst var unnið að því að vellíðan starfsfólks og unnið að betri starfsanda með ýmsu móti, jóga, slökun o.fl. Þessi vinna heldur áfram á næsta skólaári.
Grunnþættir menntunar	Skólaárið	Unnið eftir umbótaráætlun	Sjá umbótaráætlun.	Kennarar og stjórnendur.	Vor 2016	Endurskoðuð að vori á kennarafundi.	Endurskoðun færð á haustfund. Hún var gerð í lok ágúst. Ný umbótaáætlun gerð.

II hluti – Nám og líðan



	Tímasetning	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Lokið	Hvernig metið?	Niðurstaða / framhald
Jákvæður agi	Skólaárið	Upprifjun að hausti. Námskeið fyrir skólaliða og stuðn. Endurvekja griðarstaði og lausnarstaði. Foreldranámskeið. Leshringur um grunnbók.	Inga Huld Pálsdóttir kemur á starfsmanna-fund að hausti með upprifjun. Hún sér einnig um námskeið fyrir skólaliða og stuðningsfulltrúa. Foreldranámskeið 12. og 19. október. Koma á leshring.	Hrund og Lísbet.	Vor 2016	Kennaramat að vori. Foreldramat eftir námskeið.	Það sem lagt var upp með í framkvæmdaáætlun stóðst. Haldið var foreldranámskeið í október (2 skipti). Um 30 manns skráðu sig en 20 mættu. Leshringur 9 kennara lásu helming af grunnbók (hittust 3svar). Heldur áfram haustið 2016. Mat var lagt fyrir kennara eftir haustönn. Umræður að vori.
Læsisstefna læsisáttak	Skólaárið	Skólinn tekur þátt í þjóðaátaki í læsi. Stefnan að bæta árangur nemenda í lestri.	Koma á framkvæmdaáætlun. Ákveða þætti sem á að meta. Áhersla á ritun og lestur á öllum aldursstigum.	Skólastjórnendur og læsisteymi.	Vor 2016	Matsþáttur? Teymi ákveður matsþætti.	Starfandi læsisteymi. Grunnlínumæling tekin að hausti og að vori. Hægt að bera saman við niðurstöður á næsta ári. Skólastjóri kynnti aðgerðaráætlun fyrir sveitastjórn. Áframhaldandi vinna.
Niðurstöður samræmdra prófa	Nóvember 2015	Að vinna ítarlegar með niðurstöður samræmdra prófa í 4.	Rýna í allar niðurstöður og nýta hugmyndir frá öðrum	Skólastjórnendur og kennarar.	Áramót 2015 - 2016	Umbótaáætlun tilbúin.	Rýnt í niðurstöður samræmdra prófa og unnið með þær innan skólans. Ekki náðist að fá hugmyndir um

		7. og 10. bekk. Útbúa umbótaáætlun út frá niðurstöðum.	skólum um úrvinnslu t.d. frá Þelamerkurskóla.				úrvinnsluna frá Þelamerkurskóla. Samræmd próf breytast og verða rafræn 2016 – 2017.
Skólapúlsinn Nemendur	Vor 2016	Taka fyrir tvo þætti í mati nemenda úr skólapúlsinum fyrir og skoða.	Þættir sem verða skoðaðir á vorönn eru: 1. Þrautseigja í námi. 2. Vellíðan 3. Sjálfsálit.	Skólastjórn-endur og kennarar.	Vor 2016	Könnun Skólapúlsins.	Þessir þrír þættir eru yfir landsmeðaltali. Hafa haldist milli ára nokkuð svipaðir. Sjá myndir neðar í skýrslunni.
Skólapúlsinn starfsfólk	2014- 2016	Bera saman niðurstöður frá vori 2014 og 2015 við vor 2016 varðandi starfsánægju og starfsanda.	Breyttar áherslur varðandi teymiskennslu, fundaskipulag og heilsueflandi grunnskóla geta haft jákvæð áhrif á niðurstöður.	Skólastjórn-endur.	Vor 2016	Könnun Skólapúlsins.	Samkvæmt skólapúlsi hefur bæði starfsandi og starfsánægja aukist marktækt milli ára. Sjá myndir neðst.
Skólapúlsinn foreldrar	2014 - 2016	Niðurstöður í vor um tíðni eineltis samræmast ekki niðurstöðum nemendakannanna og ekki vitund skólans.	Leggja eineltiskönnun fyrir alla nemendur skólans í byrjun nóvember. Kynna niðurstöður fyrir foreldrum og vinna með þær.	Skólastjórn-endur	Vor 2016	Könnun Skólapúlsins.	Ekki var lögð fyrir foreldrakönnun þetta starfsár með Skólapúlsinum. Hins vegar var lögð fyrir eineltiskönnun/ tengslakönnun í öllum bekkjum. Engin tilkynning um einelti barst kennurum eða stjórnendum.
Námsmat aðalnám-skrár	Haust 2016	Að námsmat verði aðlagð nýrri aðalnámskrá.	Nemendur 10. bekkjar fái einkunnir eftir nýjum einkunnarskala aðalnámskrár.	Skólastjórn-endur og kennarar.	Vor 2016	Nýr einkunna-kvarði.	Farið eftir nýjum einkunanrkvörða að vori. Haldið áfram með innleiðingu á næsta skólaári.
Lykilhæfni aðalnámskrár	Haust 2015	Lykilhæfni metin með frammistöðu-mati í mentor.	Skoða hvernig meta skal öll hæfniviðmiðin og vinna með þau í skólastarfinu. Teymum á hverju stigi falið að finna leiðir til að vinna með hæfniviðmið og koma inn í kennsluáætlanir.	Skólastjórn-endur og kennarar.	Vor 2016	Áætlun tilbúin.	Unnið áfram með því að meta í frammistöðumati. Áætlun var ekki gerð.
Jafnréttisáætlun	Haust 2015	Unnið eftir jafnréttis-áætlun.	Jafnréttisnefnd skólans er búin að endurskoða jafnréttisáætlun skólans. Farið yfir á fundum nokkrum sinnum yfir skólaárið.	Nefnd og stjórnendur.	Vor 2016	Jafnréttisáætlun á heimasíðu.	Þessi þáttur gekk eftir. Að hausti verður farið yfir áætlunina og ný gerð.


III hluti – Skólanámskrá

	Tímasetning	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Lokið	Hvernig metið?	Niðurstaða / framhald
Innra mat og sjálmats-skýrslur.	Haust 2015	Að innra mat verði skýrt og öllum aðgengilegt á heimasíðu.	Gera sjálfsmatsskýrslur að vori og umbótaætlun fyrir hvert skólaár.	Skólastjórn-endur.	Vor 2016	Af skólanefnd.	Þessi þáttur var metinn í úttekt menntamálaráðuneytis vor 2016. Þurfum að bæta við áætlun til 3 – 5 ára í innra mati. Annars gott.
Forvarnar-áætlun	Skólaárið	Vinna heildstæða forvarnaráætlun fyrir grunnskólann.	Taka saman hvað er gert í skólanum og bæta það sem á vantar.	Skólastjóri í samvinnu við kennara og hjúkrunar-fræðing.	Vor 2016	Forvarnaráætlun sýnileg í skólanámskrá og á heimasíðu.	Forvarnaráætlun tilbúin. Verður í næstu skólanámskrá og kynnt starfsfólki, skólaráði og skólanefnd. Einnig aðgengileg á heimasíðu.
Áfallaáætlun	Skólaárið	Fullvinna áfallaáætlun.	Klára að vinna áfallaáætlun og kynna fyrir skólaráði og skólanefnd. Verður hluti af skólanámskrá.	Skólastjóri og áfallateymi.	Vor 2016	Áfallaáætlun sýnileg í skólanámskrá og á heimasíðu.	Þessi þáttur gekk eftir. Áfallaáætlun tilbúin vorönn 2016. Kynnt fyrir skólaráði og skólanefnd.
Móttökuáætlun fyrir nýtt starfsfólk	Skólaárið	Fullvinna móttökuáætlun fyrir nýtt starfsfólk.	Verður hluti af handbók starfsmanna.	Skólastjóri.	Vor 2016	Sýnileg í handbók starfsmanna og á vef.	Drög að móttökuáætlun tilbúin. Verður kynnt starfsfólki, skólaráði og skólanefnd veturinn 2016 - 17.
starfslýsingar	Skólaárið	Að til verði endurbættar starfslýsingar fyrir öll störf innan grunnskólans.	Fara yfir starfslýsingar og endurbæta. Kynna fyrir skólaráði og skólanefnd.	Skólastjóri.	Vor 2016	Í handbók starfsmanna.	Klárað á vorönn 2016. Verður sett í endurskoðaða starfsmannahandbók.


Starfsánægja og starfsandi starfsfólks Hrafnagilsskóla – tekið úr skýrslu Skólapúlsins vor 2016.




Þrautseigja nemenda í námi. Niðurstöður skýrslu Skólapúlsins vor 2016.



Vellíðan nemenda í Hrafnagilsskóla. Niðurstöður skýrslu Skólapúlssins vor 2016.




Sjálfssálit nemenda Hrafnagilsskóla. Skýrsla Skólapúlsins vor 2016.




Spurningar í matsþætti um sjálfsálit nemenda (Skólapúlsinnvör 2016).


2.1.1 Mér finnst ég vera að minnsta kosti jafn mikils virði og aðrir.




2.1.4 Ég get gert margt jafn vel og aðrir.




2.1.2 Ég hef marga góða eiginleika.



2.1.5 Ég er ánægð(ur) með sjálfa(n) mig.



2.1.3 Ég er misheppnuð/misheppnaður.



2.1.6 Stundum finnst mér ég ekki skipta neinu máli fyrir aðra.

